

Föstudaginn 4. febrúar 1983.

Nr. 91/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Aðalsteini Hallgrímssyni**

(Gestur Jónsson hrl.).

Bifreiðar. Ákæra fyrir brot gegn umferðarlögum. Of hraður akstur. Sýkna.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og settur hæstaréttardómari Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 19. mars 1982, og er málinu áfrýjað af hálfu ákærvalds refsingu til þyngingar. Ágrip málsins barst Hæstarétti 2. september s. á.

Verjandi krefst sýknu og að sér verði dæmd málsvarnarlaun.

Fallist er á þá úrlausn héraðsdóms, að skekkja í ákæruskjali um götuheiti girði ekki fyrir, að dómur verði lagður á efni máls, sbr. 118. gr., 3. mgr., laga nr. 74/1974.

Lögreglumenn þeir, er stöðvuðu bifreið ákærða, komu á móti bifreiðinni, er þeir framkvæmdu hraðamælingu. Þeir þurftu að snúa bifreið sinni til þess að veita bifreið ákærða eftirför, en svigrúm til þess var takmarkað vegna umferðarinnar. Rofnaði því eftirförin og svo sem landslagi er háttað á þessum slóðum, hlutu lögreglumennirnir að missa sjónar af bifreið ákærða. Ekki er sannað, að lögreglumennirnir hafi veitt því örugglega eftirtekt, hvert skrásetningarnúmer væri á bifreið þeirri, sem hraðamæling þeirra í umrætt sinn laut að. Eins og sakargögnum er farið, þykja fullnægjandi sönnur ekki fram komnar fyrir sekt ákærða, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að sýkna hann af kröfum ákærvalds í máli þessu og leggja allan kostnað af rekstri þess bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur.

Það athugast, að rétt hefði verið að leggja fram sérstaka könnun á þeirri mælingaraðferð á ökuhraða, sem hér var beitt.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Aðalsteinn Hallgrímsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af rekstri málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. mars 1982.**

Ár 1982, miðvikudaginn 3. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 74/1982: Ákæruvaldið gegn Aðalsteini Hallgrímssyni, sem tekið var til dóms hinn 26. febrúar sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 21. ágúst 1981, gegn ákærða, Aðalsteini Hallgrímssyni verkfræðingi, Fljótaseli 27, Reykjavík, fæddum þar í borg 16. júlí 1945, „fyrir að aka föstudaginn 24. apríl 1981 bifreiðinni L 2126 á allt að 89 km hraða miðað við klst. austur Miklubraut í Reykjavík, en lögreglan framkvæmdi radarmælingar á vegarkafli að gömlu kartöflugeymslunni, þar sem heimill ökuhraði er 60 km. Ákærði ók síðan áfram, en var stöðvaður á Suðurlandsbraut við Rauðavatn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.”

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Föstudaginn 24. apríl 1981, skömmu fyrir kl. 9, öku lögreglumenn vestur Vesturlandsveg á Ártúnshöfða í Reykjavík og mældu með ratsjá hraða bifreiða, sem ekið var til austurs. Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar, sem Skarphéðinn Njálsson lögreglumaður ritaði, kom bifreiðin L 2126 inn í ratsjárgeislann á móts við gömlu kartöflugeymslunna, og sýndi ratsjain, að henni var ekið með 89 km hraða á klst. Var lögreglubifreiðinni þá snúið við og L 2126, sem er af gerðinni Range Rover, veitt eftirför, uns hún var stöðvuð á Suðurlandsvegi við Rauðavatn. Í frumskýrslunni er haft eftir ákærða, sem var ökumaður L 2126, að hann hefði ekki litið á hraðamæli bifreiðarinnar.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu hinn 18. maí sl., og kvaðst hann þá ekki rengja efni frumskýrslunnar nema um hraðann og kvaðst hafa ekið

„eftir almennri venju“. Þá gat hann þess, að ekki hefðu verið notuð „blikkandi ljós“ við eftirförina.

Ákærði kom fyrst fyrir dóm vegna máls þessa hinn 5. ágúst sl. Kvaðst hann þá ekki telja sig hafa ekið með þeim hraða, sem hann var kærður fyrir, og vísaði til skýrslu sinnar fyrir lögreglu. Ákærði kom aftur fyrir dóm hinn 21. desember sl., og neitaði hann þá að hafa ekið með 89 km hraða. Hann kvaðst ekki hafa litið á hraðamælinn og því ekki vita, hve hratt hann ók, en taldi hraðann hafa verið um 60 km/klst., sem sé almennur umferðarhraði á þessum stað, og hafi hann fylgt annarri umferð. Hann kvaðst hafa séð lögreglubifreiðina í baksýnispeglinum, þegar hann var við Rauðavatn, og hafi hún þá ekki haft uppi rauð aðvörunarljós. Hann hafi séð á radarinn í lögreglubifreiðinni, sem sýndi tvær tölur, 45, að hann minnti, og 89, en ekki kvaðst hann vita, hvernig á þessum tölum stóð, en taldi hugsanlegt, að mældur hefði verið hraði annarrar bifreiðar en hans.

Vitnin Skarphéðinn Njálsson og Jón Hallgrímsson lögreglumenn voru yfirheyrð hjá lögreglu 1. júní og 21. júlí sl., og voru framburðir þeirra þar efnislega samhljóða. Kváðust vitnin hafa verið við radarmælingar á Miklubraut (sic), er þau mættu bifreiðinni L 2126 í Ártúnsbrekku, og sýndi radarinn þá, að henni var ekið með 89 km hraða á klst. Lögreglubifreiðinni hafi þá verið snúið við og L 2126 veitt eftirför og rauð aðvörunarljós höfð uppi, á meðan á eftirförinni stóð. Mikil umferð hafi verið og eftirförin því tafsöm, en L 2126 hafi verið stöðvuð við Rauðavatn. Vitnið Jón kvað hafa verið farið eftir starfsreglum við radarmælingar í hvívetna.

Framangreind vitni komu fyrir dóm hinn 21. janúar sl. Vitnið Jón Hallgrímsson kvað lögreglubifreiðinni hafa verið ekið eftir vinstri akrein til vesturs og bifreið ákærða til austurs eftir vinstri akrein. Þegar bifreið ákærða kom inn í radargeislann, hafi hraði hennar mælst 89 km/klst. Vitnið sagði, að bifreið ákærða hefði verið að fara fram úr annarri bifreið og henni hafi verið ekið sjáanlega hraðar en öðrum bifreiðum, en ekki kvað það akstur ákærða þó hafa verið háskalegan. Vitnið kvaðst vera viss um, að það var hraði bifreiðar ákærða, sem mældist, en ekki hraði annarrar bifreiðar. Vitnið kvað lögreglubifreiðinni hafa verið snúið við í Elliðaárbrekkunni og sett hafi verið upp rauð aðvörunarljós, en ekki mundi það, hvort ljósin voru höfð uppi allan tímann, sem eftirförin stóð. Vitnið kvaðst hafa misst sjónar á bifreið ákærða, þegar lögreglubifreiðinni var snúið við, og aftur, eftir að ákærði beygði upp Höfðabakka, en akstur hans hafi verið stöðvaður við Rauðavatn, þar sem Skarphéðinn Njálsson ræddi við hann. Vitnið minnti, að talsverð umferð hefði verið til austurs, þar sem mælingin fór fram, en þorði þó ekki að fullyrða um það.

Vitnið Finnur Skarphéðinn Njálsson lögreglumaður kvaðst hafa verið á leið vestur Miklubraut (sic) austan við Elliðaár ásamt öðrum lögreglumanni

og hafi þeir verið við radarmælingar. Þar hafi þeir mætt bifreið ákærða og hafi hraði hennar mælst 89 km/klst. Vegna þess hve langt var um liðið, kvaðst vitnið ekki muna, hvort mikil umferð var til austurs, en minnti, að bifreið ákærða hefði verið á „auðum sjó“, þ. e. ein á ferð á þeim vegarkafli, sem hún var mæld á. Taldi vitnið víst, að það hefði verið hraði bifreiðar ákærða, sem mældist. Ekki kvað það akstur ákærða hafa verið beinlínis háskalegan.

Vitnið kvað lögreglubifreiðinni hafa verið snúið við, strax eftir að bifreiðarnar mættust, og jafnframt kveikt rauð aðvörunarljós, sem vitnið minnti, að væru höfð uppi, þar til akstur ákærða var stöðvaður við Rauðavatn.

Vitnið Jóhann Gunnar Bergþórsson verkfræðingur, Vesturvangi 5, Hafnarfirði, kom fyrir dóminn hinn 9. febrúar sl. Það kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni hjá ákærða umrætt sinn. Ekki kvaðst það hafa fylgst með, hve hratt ákærði ók, en hann hefði ekið á svipuðum hraða og önnur umferð og hafi því ekki þótt það óeðlilegur hraði. Vitnið minnti, að ákærði hefði ekið eftir vinstri akrein og að einhver umferð hafi verið um Ártúnsbrekku, en ekki mundi það, hvort ákærði ók fram úr öðrum bifreiðum.

Vitnið kvaðst hafa tekið eftir lögreglubifreiðinni, skömmu áður en akstur ákærða var stöðvaður, en ekki hafi verið kveikt á rauðum aðvörunarljósum, fyrr en rétt áður en aksturinn var stöðvaður.

#### Niðurstöður.

Í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa ekið of hratt um Miklubraut, og í frumskýrslu lögreglu og framburðarskýrslum lögreglumannanna hjá lögreglu er hraðamælingin talin hafa farið fram á Miklubraut. Miklubraut nær austur að Elliðaám, en þar tekur Vesturlandsvegur við. Við meðferð málsins var þó ljóst, að hraðamælingin var talin framkvæmd í Elliðaárbrekku á móts við gömlu kartöflugeymslurnar, og var það því á Vesturlandsvegi. Þessi mistök í ákæru þykja þó ekki koma að sök, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði hefur lagt fram skriflega vörn í máli þessu, og gerir hann svohljóðandi kröfur: „Krafist er, að málinu sé (sic) vísað frá dómi eða ákærði sýknaður af ákæru“. Engin rök eru færð fyrir frávisunarkröfu ákærða, og ekki verður séð, að neinir þeir annmarkar séu á málalítlúnaði, að rétt sé að vísa ákæru í máli þessu frá dómi. Verður frávisunarkröfu ákærða því ekki sinnt. Vörn ákærða lýtur að efnishlið máls þessa, og verður því lagður dómur á sakarefnið.

Er ákærði var yfirhreyrður hjá lögreglu, vefengdi hann ekki frumskýrslu lögreglunnar nema um hraðann. Til þessa framburðar síns vísaði hann, er hann kom fyrst fyrir dóm, en í síðari skýrslu sinni fyrir dómi taldi hann

hugsanlegt, að mældur hefði verið hraði annarrar bifreiðar. Hann kvaðst ekki hafa litið á hraðamæli og ekki vita, hve hratt hann ók, en taldi hraðann hafa verið um 60 km/klst. Ekki þykir skipta máli við úrlausn þessa máls, hvort höfð voru uppi rauð aðvörunarljós á lögreglubifreiðinni óslitið, á meðan á eftirförinni stóð.

Vitnið Jóhann Gunnar Bergþórsson fylgdist ekki með, hve hratt ákærði ók, en taldi hraðann hafa verið svipaðan og á annarri umferð og ekki óeðlilegan.

Lögreglumennirnir hafa báðir fullyrt, að það hafi verið hraði bifreiðar ákærða, sem var mældur, og hafi hann verið 89 km/klst. Ákærði kannast við að hafa séð töluna 89 á ratsjá lögreglunnar, eftir að hann var stöðvaður.

Þrátt fyrir neitun ákærða þykir verða að telja sannað með framburði lögreglumannanna tveggja, að ákærði hafi ekið bifreiðinni L 2126 austur Vesturlandsveg á móts við gömlu kartöflugeymslurnar með 89 km hraða á klst. greint sinn.

Samkvæmt 4. mgr. 46. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 með síðari breytingum, sbr. samþykkt nr. 318/1977, er hámarkshraði á Vesturlandsvegi vestan Höfðabakka 60 km/klst. Ákærði hefur þannig gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 16/1977.

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins, dags. 14. ágúst 1981, hefur ákærði ekki fyrr sætt kærnum eða refsingum, svo kunnugt sé.

Ákærði hefur nú unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og þykir hún hæfilega ákveðin 500.00 króna sekt, sem renni til ríkissjóðs, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Aðalsteinn Hallgrímsson, greiði 500.00 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 2 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.